

## Dómaranámskeið í frjálsum íþróttum

Frjálsíþróttasamband Íslands boðar til námskeiðs í dómgæslu í frjálsíþróttum á tveggja kvölda námskeiði **þriðjudaginn 1. og miðvikudaginn 2. júní 2021**. Námskeiðið fer fram á netinu, í gegnum fjarfundarbúnað og eru því allir velkomnir, óháð staðsetningu.

Fyrra kvöldið verður farið yfir almenn atriði varðandi dómgæslu og hlaupagreinar. Seinna kvöldið verður farið yfir vallargreinar, þ.e. stökk og köst auk fjölþrauta. Í boði er fullt námskeið sem lýkur með skriflegu prófi og að því loknu og með viðunandi árangri hefur þátttakandi hlotið réttindi héraðsdómara sem hefur gildistíma til loka árs 2025. Þeir sem hafa héraðsdómararéttindi eldri en fjögurra ára, geta endurnýjað réttindi sín með því að taka skriflega prófið án þess að sitja námskeiðið. Þá verður einnig möguleiki að taka einungis almenna hlutann og svo hlaup, stökk eða köst og þar með fá réttindi greinadómara í hlaupum, stökkum eða köstum. Ekki þarf að taka próf ef einungis er ætlað að ná sér í réttindi greinadómara. Allir eru þó hvattir til þess að ljúka námskeiðinu með prófi. Þess ber að geta að prófið að loknu námskeiði tekur að jafnaði um 30-45 mínútur og próftakar mega styðjast við gögn.

Námskeiðið **hefst báða dagana kl. 19:00 og stendur yfir í 2-3 klukkustundir hvort kvöld**. Í lok seinni dags er skriflegt próf sem tekur um 45 mínútur. Fyrirkomulag prófsins verður kynnt á námskeiðinu.

**Þátttakendur eru beðnir um að skrá sig með tölvupósti á [iris@fri.is](mailto:iris@fri.is), ekki seinna en föstudaginn 28. maí.** Vinsamlegast takið fram við skráningu hvort þátttakandi hyggist taka prófið og öðlast héraðsdómararéttindi eða aðeins öðlast réttindi greinadómara. Það er þó ekki bindandi skráning. Eins og áður segir eru þátttakendur eindregið hvattir til að ljúka námskeiðinu með prófi.

Ef félög sjá um að skrá þátttakendur á sínum vegum er mikilvægt að netföng allra þátttakenda komi fram. Þátttakendur fá í tölvupósti fundarboð (Microsoft Teams eða Zoom) ásamt námsgögnum og frekari upplýsingum.

Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrverandi formaður dómaranefndar FRÍ mun kenna námskeiðið.